

Fundur 12. júlí 2007 (nr. 265)

**Fundargerð 265. fundar í hreppsnefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 12. júlí 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Fundargerðin færð í tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Gústaf setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 264. fundar hreppsnefndar 21. júní 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 26. júní 2007. Fyrsti liður samþykktur.
Annar liður: Guðmundur Helgi dró umsókn sína til baka og ekki hefur náðst í hinn umsækjandann. Sveitarstjóra falið að auglýsa aftur eftir skólastjóra. Þriðji liður samþykktur. Fjórti liður samþykktur.
3. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 5. júlí 2007. Samþykkt.
4. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 9. júlí 2007. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Bréf frá Ferðamálafélagi Dala og Reykhóla dags. 3. júlí 2007 með beiðni um styrk til auglýsinga tengdum ferðamálum. Samþykkt samhljóða.
2. Bréf dags. 21. júní 2007 frá Herði Grímssyni og Daníel H. Jónssyni með beiðni um samþykki sveitarstjórnar fyrir heyflutningum frá Fóðuriðjunni í Ólafsdal og flutningi þess yfir Gilsfjarðarlínu að Tindum og Ingunnarstöðum. Málið afgreitt á síðasta fundi þann 21. júní 2007.
3. Bréf dags. 28. mars 2007 frá Einari Hafliðasyni og Svandísi Reynisdóttur varðandi framkvæmdaleyfi vegagerðar um Gufudalssveit. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og óskar eftir góðu samstarfi við íbúa Gufudalssveitar um lausn málsins.
4. Tilboð frá Snerpu ehf í gerð nýrrar heimasíðu fyrir Reykhólahrepp og hýsingu á síðunni. Tilboðið samþykkt og sveitarstjóra falið að vinna í málinu.
5. Erindi dags. 21. júní 2007 frá Tómasi Sigurgeirssyni um nöfn á lögbýlum. Ákveðið að finna nýtt nafn á Tilraunastöðina. Rebekku og Karli falið að vinna í málinu.
6. Val á nefnd til undirbúnings Reykhóladagsins 1. sept. 2007. Nefndin valin.
7. Tölvupóstur frá Landbúnaðarráðuneytinu þess efnis að flugbrautin á Reykhólum verði undanskilin í sölu á hluta Reykhólajarðarinnar til Reykhólahrepps. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að land undir flugbrautina á Reykhólum verði undanskilið við sölu hluta Reykhólajarðarinnar til Reykhólahrepps.
8. Ársreikningur ársins 2006, fyrri umræða. Lagður fram til fyrri umræðu og vísað til síðari umræðu.

Mál til kynningar:

1. Bréf dags. 3. júlí 2007 frá Félagsmálaráðuneytinu/Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna uppgjors á framlagi vegna jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf dags. 29. júní 2007 frá Umhverfisiráðuneytinu um Umhverfising í október 2007. Lagt fram til kynningar.
3. Samningur sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál, dags. 10. júní 2007. Lagður fram til kynninga

Önnur mál, löglega upp borin, ef einhver.

1. Bréf dags. 11. júlí 2007 frá Þörungaverksmiðjunni hf um hafnarmál. Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi framkvæmda við grjótnargarð, dýpkun við flotbryggju og smábátaaðstöðu og telur best að fulltrúar sveitarstjórnar og Þörungaverksmiðju hf fái fund með fulltrúum Siglingastofnunar þar sem heppilegasta lega varnargarðs verði ákveðin.
2. Bréf dags. 5. júlí 2007 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um tilnefningu fulltrúa á 52. Fjórungsping Vestfirðinga. Ákveðið að Gústaf Jökull Ólafsson fari sem fulltrúi Reykhólahrepps og Óskar Steingrímsson og Karl Kristjánsson til vara.
3. Hröðun vegaframkvæmda á Vestfjarðavegi. Sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum, Reykhólahreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð, hafa um árabil barist fyrir því að framkvæmdum við nýbyggingu Vestfjarðavegar verði hraðað eins og frekast má, enda er um einu veltengingu landshlutans við hringveginn að ræða. Sérstök áhersla hefur verið lögð á vegkaflann frá Bjarkalundi að Skálanesi í Gufudalssveit, sem var búinn að ganga í gegnum óvenju tafsamt umhverfismat, sem lauk með úrskurði umhverfisráðherra sl. vor þar sem fallist var á tillögu sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar um svokallaða leið B með þverun Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar með heildarvegstytingu um 22,2 km. Að gengnum úrskurði umhverfisráðherra gaf þáverandi samgönguráðherra Vegagerðinni strax förmæli um að ljúka hönnun vegarins í 2. áfanga um Hallsteinsnes og vestur að Skálanesi með það að markmiði að bjóða mætti þetta mikilvæga verk út í árslok 2007. Eini hlutinn af leið B sem ekki var búinn að tímasetja í samgönguáætlun var 1. áfanginn sem felst í þverun Þorskafjarðar við Kinnarstaði og styttr Vestfjarðaveg um 9,5 km af fyrnefndum 22,2 km. Fögnuður voru því fyrstu viðbrögð við ákvörðun nýs samgönguráðherra, 10.júlí, um að flýta gerð vegarins í Þorskafirði þannig að þeim kafla yrði lokið árið 2010 eins og öðrum hlutum Vestfjarðarvegar vestur í Vatnsfjörð. Nú virðist hins vegar sem núverandi samgönguráðherra sé að breyta ákvörðun fyrri samgönguráðherra um að þvera Þorskafjörð og ætli þess í stað að leggja veg fyrir fjörðinn þrátt fyrir skýran vilja og áralanga baráttu sveitarfélaganna fyrir þverun Þorskafjarðar, og þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir þverun Þorskafjarðar í gildandi svæðisskipulagi og tillögum að nýju aðalskipulagi Reykhólahrepps. Hreppsnefnd Reykhólahrepps mótmælir þessu mjög harðlega ef satt reynist og gerir þá kröfu að þverun Þorskafjarðar verði sett strax á dagskrá, enda um að ræða þá einstöku framkvæmd á þessari leið sem hefur mesta vegstytingu í för með sér.
4. Afgreiðsla á 4. lið undir mál til afgreiðslu frá síðasta fundi hreppsnefndar þann 21. júní s.l. Sveitarstjórn samþykkir að veita ekki umsögn.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 19:17.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)